

Alþingi
Erindi nr. P 135/2170
komudagur 11.4.2008

Félag umhverfisfræðinga á Íslandi
Sólvallagötu 74, 101 Reykjavík

Reykjavík 9. apríl 2008

Nefndasvið Alþingis
Umhverfisnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Málefni: Umsögn um 434. mál, frumvarp til laga um breytingu á skipulags- og byggingarlögum, nr. 73/1997, með síðari breytingum.

Félag umhverfisfræðinga á Íslandi (FUMÍ) hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um breytingar á skipulags- og byggingarlögum, nr. 73/1997, með síðari breytingum. Umsögn stjórnar félagsins fer hér að neðan.

Markmið skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 er meðal annars að tryggja varðveislu náttúruverðmæta og koma í veg fyrir umhverfisspjöll og ofnýtingu, með sjálfbæra þróun að leiðarljósi. Heræfingar geta haft neikvæð áhrif á umhverfi og náttúru, m.a. í formi hávaðamengunar, jarðvegs- og vatnsmengunar eða annars mögulegs skaða. Mikilvægt er að við val á svæðum til heræfinga sé hugað að því hversu viðkvæm þau svæði eru. Þátttaka sveitarstjórna í ákvörðunum færir vald heim í hérað þar sem aðrar mikilvægar ákvarðanir sem snerta íbúa eru teknar. Slík þátttaka getur einnig auðveldað aðgengi almennings að upplýsingum. Slíkt getur í sumum tilvikum skilað sér í aukinni árverkni í umhverfismálum, en það er þó alls ekki sjálfgefið.

Athugasemdir við einstakar greinar:


1. gr.

Stjórn Félags umhverfisfræðinga telur breytingar á 3. gr. laganna óþarfar.

2. gr.

Stjórn Félags umhverfisfræðinga álitur að tillaga um viðbót við 27. gr. laganna geti stuðlað að aukinni umhverfis- og náttúruvernd á svæðum sem valin eru fyrir heræfingar, og fagnar sérstaklega þeim kröfum sem gerðar eru á leyfishafa um afmörkun svæðis, grunnvatnsvernd, upplýsingaskyldu til almennings og hagsmunaaðila á svæðinu og frágang svæðis. Eðlilegt er að krefjast þess að leyfishafi skili æfingasvæðinu í sama ástandi og þegar að var komið.

F.h. stjórnar Félags umhverfisfræðinga á Íslandi


Guðmundur Ingi Guðbrandsson, formaður